



MYND1SX05

Kennsluáætlun – vorönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com / elisah@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum hljóta nemendur þjálfun í myndlist og hönnun. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Ýtt er undir umræður um myndlist, aðferðir, strauma og stefnur. Áætlunin er einstaklingsmiðuð, oft unnin í samráði við nemandann og fer eftir áhugasviði hans og getu. Efnistöð geta verið af ýmsum toga og nemendur hvattir til þess að þróa sín vinnubrögð sem og kynnast nýrri nálgun og efnistöðum.

Einnig æfa nemendur grunnatriði teikningar. Fara í mikilvægi línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfna formkilning með greiningu einfaldra forma. Rúðustækkun og hlutföll. Í áfanganum kynnast nemendur litafraeðum myndlistarinnar, litahringnum og blöndun út frá frumlitum.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- því hversu sköpun getur verið gefandi.
- hversu mikið hægt er að nota myndlistina til að tjá sig.
- breytilegum aðferðum við listsköpun sem og ólíku efni.
- að þetta svið er það fjölbreytt að yfirleitt er ekkert eitt rétt.
- möguleikum blýantsins
- mikilvægu línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tví- og þrívíðum formum
- litahringnum
- litablöndun út frá frumlitum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fullvinna verk út frá eigin hugmyndum.
- taka leiðsögn til framfara og þróunnar.
- þora að takast á við nýjar áskoranir.
- tjá sig með listsköpun.
- nota mismunandi aðferðir og efni.
- að sýna skyggingu með blýanti með dýpt og tónum gráskalans
- að teikna mismunandi línur (þykkt, dökkt, ljóst) með blýanti
- að nýta sér rúðustækkun
- að blanda 12 litahringinn
- að blanda liti út frá frumlitum

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda
- teikna upp mynd af hlutum og umhverfi
- teikna út frá eigin hugmyndum og fyrirmyndum
- ná fram lit með aðeins frumlitina, svartan og hvítan að vopni njóta sín í listsköpun við hæfi.

- gera sér grein fyrir mikilvægi vinnuframlags.
- meta eigin verk og vinnu að verðleikum.
- beyta ólíkum efnum og áhöldum við sína sköpun.
- tjá hugmyndir sínar í verki.
- tjá hugmyndir sínar með orðum.
- taka við leiðsögn til enn frekari þroska í faginu.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá teiknipappír, blýanta, yddara og strokleður til afnota í stofunni.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.